Fullgild rafræn undirskrift
GUÐRÚN PÁLÍNA ÓLAFSDÓTTIR
2026-11-13 12:56:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 13. nóvember 2026
FAS26030028

Innkaupa- og framkvæmdaráð

16286 - Rammasamningur um bifreiðar fyrir Reykjavíkurborg

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 13. október 2026 kl. 10:00 og skiluðu fjórtán fyrirtæki inn tilboði. Um er að ræða almennt EES útboð vegna rammasamnings, í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

Útboðinu er skipt í tvo hluta, annars vegar kaup á bifreiðum og hins vegar leigu á bifreiðum. Rammasamningurinn nær til bifreiða í flokkum M1, M2, M3, N1 og N2. Nánari kröfur vegna einstakra innkaupa verða útfærðar í örútboðum eða með skriflegum verðsamanburði eftir áætluðu virði og þörfum kaupanda.

Gildistími rammasamningsins er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hámarksvirði samningsins á gildistímanum er 2.419.354.839 kr. án virðisaukaskatts eða 3.000.000.000 kr. með virðisaukaskatti. Þar sem um rammasamning er að ræða og ekki var óskað eftir verði á tilteknum bifreiðum við gerð hans liggur ekki fyrir samningsfjárhæð fyrir hvern einstakan rammasamningsaðila.

Að lokinni yfirferð tilboða er lagt til að samið verði við alla fjórtán bjóðendur í þeim hluta eða hlutum sem tilboð þeirra ná til.

Bjóðendur	**Hluti 1: Kaup á bifreiðum**	**Hluti 2: Leiga á bifreiðum**
Bílaumboðið Askja ehf.	X	
Okkar bílaleiga ehf.		X
Alp hf.	X	X
Landfari ehf.	X	
Bílaleigan Go ehf.		X
TK Bílar ehf.	X	X
AKA ehf.		X
Véltindar ehf.	X	
Bílaleiga Flugleiða ehf. (Hertz bílaleiga)		X
Höldur ehf.		X
HEKLA	X	
BL ehf.	X	
Suzuki Bílar hf.	X	
Vatt ehf.	X	

Bjóðendurnir hafa samkvæmt niðurstöðu yfirferðar uppfyllt viðeigandi kröfur útboðsgagna.

Virðingarfyllst

Guðrún P. Ólafsdóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*